



## LÆRDÓMS- SAMFÉLAGIÐ

---

Aðferðafræði Lærdómssamfélagsins verður innleidd í stofnanir Fjarðabyggðar. Lærdómssamfélagið myndar hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri. Í árangursríku lærdómssamfélagi ríkir menning sem hvetur til og viðheldur stöðugu námi meðal starfsfólks í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja starfsemi stofnananna. Aukinn stuðningur verður við starfsþróun starfsfólks og samstarf stofnana aukið.

## AUSTURLANDS- LÍKANIÐ

---

Austurlandslíkanið verður innleitt í Fjarðabyggð en það er þverfaglegt samstarf félagsþjónustu, barnaverndar, heilsugæslu og skólþjónustu. Markmiðið er að samhæfa aðgerðir allra hlutað-eigandi fagstétta, einfalda og flýta fyrir aðstoð til nemenda og foreldra og vera stuðningur fyrir starfsfólk fræðslu- og frístundastofnana.



## SUMAR- OG VETRARFRÍSTUND

---

Boðið verður upp á fjölbreytta fimm vikna sumarfrístund í öllum frístundaheimilum Fjarðabyggðar. Starfið í sumarfrístundinni byggist á útivist, hreyfingu, leikjum, íþróttum og fjöri. Sumarfrístundin er fyrir börn sem voru að ljúka 1. til 4. bekk grunnskóla. Boðið verður upp á lengri vetrarfrístund í grunnskólunum.

## HEILSUEFLING ELDRI BORGARA

---

Í boði verður fjölþætt heilsurækt í Fjarðabyggð fyrir eldri borgara. Verkefnið felur í sér tíma í líkamsræktarstöðum, kennslu, ráðgjöf og þjónustu sem nær til heilsu og lífsgæða eldri borgara.



## VINNUSKÓLINN

Fjarðabyggð mun bjóða upp á skapandi sumarstörf fyrir unglunga. Mikilvægur liður í forvörnum er að unglingar og ungmenni hafi tækifæri til þess að takast á við eitthvað sem vekur áhuga þeirra og ástríðu. Skapandi sumarstörf sinna einnig þjónustu við sveitarfélagið, t.a.m. vegna uppákoma sem tengjast skemmtiferðaskipum og bæjarhátíðum. Einnig mun vinnuskólinn bjóða stofnunum Fjarðabyggðar og félagasamtökum upp á að fá starfskrafta skólans samkvæmt samningi.

## FRÍSTUNDIR

Til að auka sýnileika þeirra frístunda sem eru í boði í Fjarðabyggð mun sveitarfélagið innleiða Nora-kerfið sem er upplýsinga-, þjónustu- og innheimtukerfi fyrir frístundir. Kerfið sýnir foreldrum á einfaldan hátt öll þau námskeið sem eru í boði fyrir börn í sveitarfélaginu. Nora-kerfið verður einnig nýtt fyrir umsóknir og greiðslu frístundastyrkja.

## SAMGÖNGUR

Almenningssamgöngur í Fjarðabyggð verða efldar en góðar almenningssamgöngur eru lykilatriði í uppbyggingu fjölkjarna samfélaga. Gera þarf íbúum kleift að sækja vinnu, þjónustu og afþreyingu á milli byggðarkjarna. Litið til framtíðar er mikilvægt að tengja saman byggðarkjarnana í Fjarðabyggð með almenningssamgöngum svo nýta megi betur mannauð og innviði sem til staðar eru í sveitarfélaginu.

## INNFLYTJENDUR

Fjarðabyggð er fjölmenningsamfélag og í því felast styrkleikar og tækifæri. Í starfi fræðslu- og frístundastofnana nýta starfsmenn sér fjölbreyttan bakgrunn íbúa samfélagsins, s.s. menningu, hefðir, hátíðisdaga, tungumál og trúarbrögð til að auka þekkingu og efla víðsýni. Áhersla verður á íslenskukennslu fyrir innflytjendur og stuðning við móðurmálsnám tvítýngdra barna. Foreldrasamstarf er sérstaklega mikilvægt og lögð verður áhersla á að frumkvæði komi frá skóla- og frístundastofnunum.



## HEILSUEFLANDI UMHVERFI

---

Fjarðabyggð er aðili að verkefninu heilsueflandi samfélag og liðir í því er uppbygging leikvalla, hjóla- og göngustíga og merktra gönguleiða í öllum byggðarkjörnum.

## HÓPASTARF

---

Félagsmiðstöðvar Fjarðabyggðar hafa sinnt hefðbundnum opnunum vel undanfarin ár og haldið utan um sameiginlega viðburði félagsmiðstöðvanna. Áhersla verður lögð á að bæta skipulögðu hópastarfi við starfsemi félagsmiðstöðvanna á næstu árum.

## SKAPANDI SUMARNÁMSKEIÐ

---

Stutt verður við þann stóra hóp barna sem hefur mikinn áhuga á skapandi starfi með því að auka framboð skapandi sumarnámskeiða, s.s. í dansi, leiklist, myndlist og öðrum listgreinum.

## VIÐHALD STOFNANA

---

Mannvirki í eigu Fjarðabyggðar sem tengjast fræðslu- og frístundamálum eru fjölmörg. Sum eru ný en önnur meira en hundrað ára gömul. Einhver þessara mannvirkja þurfa töluvert viðhald og verkefnið eru bæði stór og smá. Verkefnum verður forgangsraðað og aukin áhersla lögð á viðhald.

## GJALDFRJÁLSAR SKÓLAMÁLTÍÐIR

---

Skólamáltíðir í leik- og grunnskólum verða gerðar gjaldfrjálssar á næstu þremur árum. Haustið 2018 var fyrsta skrefið stigið þegar verð á skólamáltíðum var lækkað um þriðjung. Við samsetningu matseðla er farið eftir ráðleggingum frá landlæknisembættinu sem styðjast við samnorrænar næringarráðleggingar. Með gjaldfrjálsum máltíðum til leik- og grunnskólabarna er verið að styðja við barnafólk og heilsueflandi samfélag.





FJARÐABYGGÐ



Teikningar: Hafsteinn Hafsteinsson // Umbrot: Gjallarhorn // Prentun: Héraðsprint